

Alþingi

Erindi nr. P 121/1626

komudagur 18. 04. 1997



Laganefnd L.M.F.Í.
Umsögn um frv. til laga um
réttindi sjúklinga (260. mál).

Reykjavík, 17. apríl 1997

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um ofangreint frumvarp.

Laganefnd hefur nokkrar athugasemdir fram að færa við frumvarpið. Rétt þykir að greina þar annars vegar á milli athugasemda, sem snerta lagafrumvarpið almennt, og hins vegar athugasemda, sem lúta að einstökum ákvæðum þess.

Almennar athugasemdir.

Markmið tiltekinnar lagasetningar eru oft skilgreind sérstaklega í upphafi lagatexta. Þannig er markmið frumvarpsins til laga um réttindi sjúklinga skilgreint í 1. gr., þ.e. að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni o.fl. Að mati laganefndar er eðlilegt að setja fram ákvæði af þessum toga í upphafi lagatexta, enda kunna slík ákvæði að hafa áhrif á túlkun annarra ákvæða í viðkomandi lagabálki.

Að mati laganefndar verður á hinn bóginn að halda stefnuyfirlýsingum af þessum toga í algeru lágmarki, þar sem þær hafa í raun enga efnislega þýðingu að lögum. Nefndin telur að á nokkrum stöðum í frumvarpinu séu ákvæði, sem séu fyrst og fremst stefnuyfirlýsingar af ofangreindum toga. Með hliðsjón af því að markmið laganna er skilgreint í 1. gr. frumvarpsins er, að mati nefndarinnar, vert að íhuga hvort ástæða sé til að hafa þessi ákvæði í frumvarpinu.

Þau ákvæði, sem laganefndin telur einkum ástæðu til að skoða með hliðsjón af þessu, eru eftirfarandi:

- 1) 1. mgr. 17. gr. þar sem segir að koma skuli fram við sjúklinga "af virðingu".
- 2) 1. mgr. 24. gr. þar sem segir að sjúklingur skuli eiga rétt á að "deyja með reisn."
- 3) 1. mgr. 27. gr. þar sem segir að skylt sé að gera allt sem unnt er til að "sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða."

Í frumvarpinu er að finna ákvæði sem lúta að réttarvernd sem er nú þegar tryggð með ákvæðum stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, sbr. til dæmis eftirtalin ákvæði:

- 1) 2. mgr. 1. gr. Ákvæði þetta er nánast samhljóða 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1994, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1995.
- 2) 1. mgr. 3. gr. Þetta ákvæði felur í sér hið sama og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þar sem þessi réttindi eru tryggð á fullnægjandi hátt í stjórnarskránni er spurning hvort nokkur ástæða sé til að hafa þau í frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru notuð hugtökin "vandamenn", "lögráðamaður" og "fórráðamaður", án nokkurrar skilgreiningar. Hugtakið "lögráðamaður" hefur fastmótaða merkingu að lögum og þarf því ekki skýringa við. Á hinn bóginn hafa hin hugtökin ekki eins fastmótaða merkingu og gæti því skapast túlkunarvandamál. Að mati laganefndar er því ástæða til að skilgreina þessi hugtök og/eða samræma á einhvern hátt.

Athugasemdir við einstök ákvæði.

5. gr.

Til að samræma réttindi sjúklinga og skyldur lækna og heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt þessu ákvæði væri rétt að 1. mgr. ákvæðisins vísaði til 2. mgr.

7. gr. og 8. gr.

Orðalagið "... eftir því sem kostur er ..." er að fyrri bragði til þess fallið að valda túlkunarvandamálum. Einnig er hugsanlegt að túlkun þess geti orðið mismunandi milli einstakra heilbrigðisstofnana sem er augljóslega afar óheppilegt. Af þessum sökum væri ekki úr vegi að íhuga hvort ekki sé hægt að útfæra það nánar hvenær samþykkið skuli vera skriflegt. Umfjöllun í athugasemdum með þessu ákvæði frumvarpsins varpar ekki ljósi á þetta á fullnægjandi hátt að mati laganefndar.

Að því er varðar 8. gr. frumvarpsins þá vaknar sú spurning hvort ekki sé ástæða til að krefjast þess að þar til greindar upplýsingar skuli veittar á sannanlegan hátt. Meðan slík krafa er ekki gerð verður í raun útilokað fyrir sjúkling að sanna hvort og/eða hvaða upplýsingar hafi verið veittar (nema sönnunarbyrðinni sé snúið við um það atriði).

12. gr.

Orðalagið "... með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi." hljómar einkennilega. Orðalagið er óheppilegt að mati nefndarinnar en einnig er mjög óljóst hvers kyns hagsmunamat þarna er átt við. Ekkert er að þessu vikið í athugasemdum með ákvæðinu.

1. mgr. 13. gr.

Efni þessa ákvæðis felur í sér tilvísun til almennra lögskýringasjónarmiða, þ.e. að sérlög um tiltekið atriði gangi framur almennum lögum. Að mati laganefndar er óheppilegt að lögfesta slík sjónarmið.

24. gr.

Í athugasemdum með þessu lagaákvæði er fjallað um það hvernig bregðast skuli við ef dauðvona sjúklingur getur ekki vegna eigin ástands tekið ákvörðun um stöðvun meðferðar. Þar segir að þá skuli leita til "aðstandenda" (sjá fyrri athugasemd um það hugtak). Að mati laganefndar er rétt að á þessu atriði sé tekið í sjálfum lagatextanum

en ekki eingöngu í athugasemdum með ákvæðinu. Hér er um það þýðingarmikið atriði að ræða að mikilvægt er að lagatextinn sjálfur kveði á um þetta.


1. mgr. 28. gr.

Að mati laganefndar er hér verið að fjalla um atriði sem ekki á að þurfa að setja í lagatexta.

Laganefnd telur rétt, í ljósi ofangreindra athugasemda, að frumvarpið verði ekki lögfest í núverandi mynd. Að mati nefndarinnar þarf að taka frumvarpið í heild sinni til endurskoðunar.

Virðingarfyllt,

f.h. Laganefndar L.M.F.I.



Marteinn Másson, framkv.stj.